

Nr. 088 / 13 Brúarfoss***Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 8914568
Fánaríki: Antigua Barbuda
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992
Stærð: 7.676 BT
Mesta lengd: 126,63 m
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. janúar 2013 var Brúarfoss við bryggju í Immingham.

Skipverji var að sjóbúa farm á þilfari þegar hann rak annan fótinn í álstöng, sem lá á lestarlúgu númer fimm, með þeim afleiðingum að hann missti fótinn niður á milli lestarlúganna á lestum númer fimm og sex. Við það lenti hann með vinstri öxlina á sex lúgunni með þeim afleiðingum að hann fór úr axlarlið.

Við rannsókn kom fram:

- að álstöng sem slasaði féll um er notuð til að opna og loka gámaskóm. Hann sagðist hafa ætlað að ná sér í þriggja hæða stöng en ekki tekið eftir þeirri sem lá á lúgunni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.